

Nettengd Biblía fyrir börn  
kynnir

Fjörutíu  
ár



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlagað af: Lyn Doerksen


Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children  
[www.M1914.org](http://www.M1914.org)

©2010 Bible for Children, Inc.


Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta  
þessa sögu, en ekki selja.






Eftir að Guð leysti Ísraela úr ánauð í Egyptalandi, hélt


Móse guðspjónustu með fólkinu sem söng Drottni sínum til dýrðar. "Ég lofsyng Drottni því hann er hátt upphafinn." Móse söng um þá stórkostlegu hluti sem Guð hafði gert fyrir Ísrael.






Eftir þrjá daga í  
eyðimörkinni fann  
fólkið vatn. En vatnið  
var rammt

og óhæft  
til drykkjar.






Í stað þess að biðja til  
Guðs, kvartaði fólk.  
Móse hrópaði á Guð,  
sem gaf þeim


ferskt vatn.






Fólkið  
kvartaði  
um alla  
skapaða hluti. "Við  
höfðum nóg að borða í  
Egyptalandi, en hér munum við  
farast úr hungri í eyðimörkinni."






Um nóttina  
sendi Guð  
lynghænsni til matar, sem  
þöktu svæðið allt í kring.



Morguninn eftir, kom brauð af  
himnum sent sem lá  
yfir öllu. Á morgni  
hverjum var




jörðin þakin  
fersku brauði  
til að fæða  
fólkið.







Þannig sá Guð fólkinu sínu í  
eyðimörkinni fyrir  
daglegu fæði.




Fólkinu bar að treysta Guði  
fyrir mat sínum  
hvern dag.




En sumir söfnuðu meira en þeir  
þurftu, þó Guð hafði sagt  
þeim að það mundi  
skemmast.



Eins og sannaðist, matur gærdagsins  
fylltist af möðkum - nema á  
hvíldardaginn heilaga, ...



... en þá tóku allir sér hvíld og  
borðuðu mat tilreiddan daginn áður.




Guð sá  
Ísraelana í

Hann sá þeim  
vatni, og


fyrir, og verndaði  
eyðimörkinni.

fyrir mat og  
verndaði þá  
fyrir óvina  
árásam.



Þegar  
árás, héldu  
vinna, svo

Amalekítar gerðu  
Ísrealar áfram að  
lengi sem Móse  
hélt hendi  
sinni uppi.





Þá sagði Guð við Ísraela, "Ef þið hlýðið á orð mín, og haldið sáttmála minn, skuluð þið verða sérstök eign mín."







“Við munum gera allt er Drottinn hefur boðið,” svaraði fólkið einum rómi. Fólkið kom og stóð undir fjallinu á meðan Móse fór að tala við Guð.





Móse var  
á fjallinu  
með Guði í  
fjörutíu  
daga. Guð  
skráði  
boðorðin  
tíu á tvær  
steintöflur  
og gaf Móse.





Á þeim voru  
lífsreglur  
þær sem  
fólk hans  
átti að  
fara  
eftir.



1. "Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig."

2. "Þú skalt hvorki búa til, né krjúpa fyrir líkneskjum."

3. "Þú skalt ekki leggja nafn Drottins við hégóma."

4. "Mundu að halda hvíldardaginn heilagan."



5. "Heiðra  
skaltu föður  
þinn og  
móður."

6. "Þú skalt  
ekki fremja  
morð."

7. "Þú skalt  
ekki drýgja  
hór."

8. "Þú skalt  
ekki stela."



9. "Þú skalt ekki ljúga."

10. "Þú skalt ekki girnast það er tilheyrir öðrum."





Á meðan Móse  
var með Guði á  
Sínaí fjalli snérist  
Ísraelar upp á móti  
Guði og skipuðu Aron  
að búa til gullkálfa  
- og dýrkuðu hann í  
staðinn fyrir Guð.  
Guð reiddist mjög.  
Móse reiddist líka.





Þegar Móse sá  
gullkálfinn og  
fólkið dansandi,  
fleygði hann  
steintöflunum  
á jörðina og  
braut þær.








Í reiðinni  
eyðilagði hann  
gullna líkneskið.  
Fjölmargir er  
gerðu uppreisn  
á móti Guði  
voru drepnir.



Guð bjó til tvær  
nýjar steintöflur.  
Hann sagði Móse að  
búa til fundatjald, stórt  
tjald til bænahalds og Guði  
til dýrðar, með girðingu  
allt í kring þar  
sem Guð  
mundi  
dvelja  
með fólkinu sínu.



Skýstólpinn  
og eldstólpinn  
sýndu að  
guð var þar  
með þeim.



Er þeir nálguðust Kaananland, sendi Móse tólf njósnara til að kanna landið sem Guð hafði lofað fólkinu sínu.



Þeir fundu fagurt land. En aðeins  
tveir þeirra, Jósúa og Kaleb, treistu  
sér að ná landinu undir sig með  
Guðs hjálp.



Hinir njósnararnir  
voru hræddir við  
sterkbyggðu  
borgirnar  
og risana í  
landinu.

“Við getum  
ekki farið gegn  
þessu fólki.



Það er sterkara en  
við," kvörtuð þeir.

Þeir höfðu  
gleymt  
að Guð


frelsaði  
þá úr ánauð  
Egyptalands.



Fólkið fylgdi vantrúuðu njósnurunum  
tíu. Það kvartaði og undirbjó sig til  
að snúa aftur til Egyptalands. Fólkið  
meira að segja  
reyndi að  
drepa





Móse.






Eftir að bjarga lífi Móse, sagði Guð við fólkið, "þið eigið eftir að ráfa um í eyðimörkinni í fjörutíu ár.



En Kaleb, Jósúa, og börn ykkar,  
munu ná til fyrirheitna  
landsins sem  
þið fyrirlítið."



Fjörutíu ár

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,  
er að finna í

Annarri Mósebók 15  
til Fjórðu Mósebókar 14

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."  
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,  
sem skapaði okkur, og sem vill að þú  
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem  
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er  
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann  
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á  
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.  
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim  
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður  
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá  
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til  
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá  
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem  
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir  
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig  
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér  
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og  
komið svo til að vera með þér í himnaríki.  
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir  
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á  
hverjum degi!

